3. október 1968 ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Kynna Philip Morris

Hér á landi er nú staddur Svíinn Olof Ställberg, sem er svæðisstjóri í Norður-Evrópu hjá bandarísku tóbaksfyrirtækinu Philip Morris.

Einar Th. Mathiesen, umboðsmaður Philip Morris tóbaksvara á Íslandi, efndi til fundar með fréttamönnum og sagði Olof Ställberg þar frá starfsemi fyrirtækisins og svaraði fyrirspurnum. Fréttamönnum var sýnd kvikmynd um tennis en margar af frægustu tennisstjörnum heims eru á snærum Philip Morris. Inn í kvikmyndina voru fléttaðar tóbaksauglýsingar.

Hér er fyrirhuguð sölu og auglýsingaherferð á Philip Morris tóbaksvörum og hófst hún 1. sept. Öll áherzla verður lögð á að auglýsa filtersígarettur, þar sem talið er, að þær séu það, sem koma skal. Þó voru fréttamenn upplýstir um það, að verr gengi að koma Íslendingum á bragð sígaretta með filter en öðrum þjóðum.

Þau tóbaksmerki, sem fáanleg eru hér á landi af framleiðsluvörum Philip Morris, eru:

Marlboro filter í Flip Top pakka (mest selda ameríska sígarettan á heimsmarkaðnum. Philip Morris multifilter í Flip Top plastik pakka. Roy, án filter. Parliament filter, soft pakkar og Revelation, píputóbak.

Þess má geta, að Philip Morris hefur nýlega hafið framleiðslu á sígarettum, sem eingöngu eru ætlaðar kvenfólki. Nefnast þær Virginia Slims og eru mjórri en venjulegar sígarettur og 100 millimetra að lengd. Þær hafa verið sendar á markað í Ameríku til reynslu og sala á þeim gengið mjög vel.



Þau af tóbaksmerkjum Philip Morris, sem seld eru hér á landi. Marlboro er mest selda ameríska sígarettan á heimsmarkaðnum. Revelation píputóbakið er nýkomið á markaðinn hér og hefur selzt mjög vel.

100240331O

Source: https://www.industrydocuments.ucsf.edu/docs/pqjk0000